

FRÆÐSLU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HESTAMANNAFÉLAGSINS GLAÐS



DALABYGGÐ

ÁRSSKÝRSLA FYRIR STARFSÁRIÐ 2018 - 2019

EFNISYFIRLIT

Um Hestamannafélagið Glað	3
Fræðslu- og æskulýðsnefnd Glaðs	3
Reiðnámskeið	4
Vetrarnámskeið með Sjöfn Sæmundsdóttur	4
Knapamerki	6
Reiðnámskeið á Skáney	7
Útreiðanámskeið	8
Ævintýranámskeið	10
Reiðskólahestar	12
Styrkir	13
Messureið	14
Æskan og hesturinn	14
Þátttaka í mótum	15
Viðurkenningar	23
Stigakeppni knapa	23
Hvatningarverðlaun 2019	24
Styrkur til landsmótsknapa	25
Að lokum	25

Um Hestamannafélagið Glað

Hestamannafélagið Glaður í Dölum er næstelsta hestamannafélag landsins en það var stofnað árið 1928 og fagnaði því 90 ára afmæli á síðasta ári. Félagsmenn eru 159 talsins og þar af 111 fullorðnir og 48 yngri en 18 ára.

Félagið sem í upphafi kom upp

keppnisaðstöðu á Nesodda í

Miðdölum sem var notuð um árabil

gerði 250 og 300 metra hringvöll

ásamt skeiðbraut árið

2005. Einkahlutafélagið Nesoddi

ehf. sem er að stærstum hluta til í

eigu Glaðs byggði síðan upp

reiðhöll í hesthúsahverfinu í

Búðardal árin 2007 og 2008. Reiðhöllin var reist í sjálfböðastarfi félagsmanna Glaðs og hefur

gjörbylt aðstöðumálum bæði til kennslu og keppni.



Mikil gróska hefur verið í æskulýðs- og fræðslustarfi hjá Glað s.l. ár og hefur verið metþátttaka hjá yngri kynslóðunum á námskeiðum félagsins.

Fræðslu- og æskulýðsnefnd Glaðs

Nefndin hóf störf sín á haustmánuðum 2018 og setti upp metnaðarfullt plan fyrir næsta starfsár. Nefndina skipa:

- Svala Svavarsdóttir, formaður
- Björk Guðbjörnsdóttir
- Sigrún Hanna Sigurðardóttir
- Styrmir Sæmundsson
- Svanborg Einarsdóttir



Nefndinn leggur áherslu á fjölbreytni í starfi sínu þar sem reynt er að mæta jafnt þeim börnum og unglingum sem vilja leggja stund á keppni í greininni sem og þeim sem vilja fyrst og fremst hafa hestamennskuna sem tómstundargaman og njóta útreiða í náttúrunni.

Reiðnámskeið

Félagið hélt nokkur vel heppnuð reiðnámskeið fyrir krakka og unglinga á síðastliðnu ári og niðurgreiddi kostnað við námskeið um allt að 50%.

Vetrarnámskeið með Sjöfn Sæmundsdóttur

Haldin voru tvö sex vikna námskeið þar sem þátttakendur mættu í 40 mín. reiðtíma á viku í reiðhöllinni í Búðardal eða á reiðvellinum ef þátttakendur óskuðu þess. Að þessu sinni var boðið upp á tíma í miðri viku en undanfarin ár hefur reiðkennsla einkum farið fram um helgar þar sem ekki hefur verið búsettur reiðkennari á svæðinu um nokkurt skeið. Markmið námskeiðsins voru tvískipt, annars vegar fyrir byrjendur og hins vegar fyrir lengra komna:

Byrjendur lærðu að umgangast hestinn og að öðlast jafnvægi og traust í gegnum sætisæfingar. Þeir lærðu grunnstjórnun, stöðvun, beygju og að fara af stað. Einnig lærðu þau um gangtegundirnar og heiti þeirra sem og ýmislegt um hestinn, hvað líkamshlutarnir heita og hvernig hesturinn upplifir okkur.



Með reyndari knapa var unnið markvisst í því að því að bæta hvern nemanda fyrir sig. Lögð var áhersla á vinnu með samspil milli manns og hests. Einnig var farið mikið í þjálfun gangtegunda og ábendinga sem og undirbúning fyrir vetrarmótin þar sem var sett upp prógram og unnið með styrkleika og bættum veikleika. Börnin sýndu mikla framför.



Fyrri námskeiðið hófst 11. febrúar og stóð til 24. mars og voru 10 krakkar á aldrinum 7 - 16 ára skráðir til leiks.



Námskeiðið var sniðið að þörfum og getu hvers og eins, allt frá ásetuæfingum fyrir byrjendur og upp í keppnisundirbúning fyrir þá sem lengra eru komnir. Almenn ánægja var með hvernig til tókst og stærstur hluti þátttakenda skilaði sér áfram á seinna 6 vikna námskeiðið.

Síðara námskeiðið var haldið 25. mars og stóð til 5. maí. Námskeiðið var með svipuðu sniði og það fyrra og voru 8 krakkar á aldrinum 7-16 ára skráðir til leiks. Þegar tók að vora færðist kennslan að hluta til út á hringvöll allt eftir því hvar áhugi þátttakenda lá. Námskeiðið mæltist vel fyrir eins og það fyrra og er það álit fræðslu- og æskulýðsnefndar að það að vera með tíma 1x í viku í lengri tíma sé að skila betri árangri en helgarnámskeið með lengra millibili eins og tíðkast hefur undanfarin ár.

Sjöfn Sæmundsdóttir var reiðkennari á báðum námskeiðunum en hún er nú búsett í Dölunum sem gefur okkur fjölbreyttari möguleika á tímasetningum námskeiða.



Knapamerki

Í tengslum við vetrarnámskeið Sjafnar var boðið upp á undirbúningskennslu í Knapamerkjum. Að þessu sinni var ekki eftirspurn eftir slíku enda kjarninn af krökkunum sem sóttu námskeiðið ekki kominn með aldur til að byrja í Knapamerkjum. Við munum engu að síður

halda áfram að bjóða upp á undirbúning fyrir Knapamerki á komandi árum og erum fullviss um að við eigum eftir að útskrifa nokkra klára krakka á komandi árum.

Reiðnámskeið á Skáney

Helgina 15. - 17. febrúar var haldið reiðnámskeið fyrir krakka af félagssvæði Glaðs á Skáney í Borgarfirði en þetta var annað árið í röð sem boðið var upp á slíkt námskeið. Félagið niðurgreiddi námskeiðið um helming fyrir félaga sína en á þessu námskeiði voru námskeiðshestar til staðar sem og fæði og húsnæði fyrir þátttakendur.

Námskeiðið fylltist á met tíma en einungis var pláss fyrir 15 þátttakendur á Glaðshelginni en við vorum svo heppin að ná að senda svo þrjá til viðbótar á annað námskeið sem var haldið í lok mars þar sem þau voru í góðum félagsskap krakka úr Hestamannafélaginu Borgfirðingi.



Samtals voru því 18 þátttakendur á þessum námskeiðum og voru þau á aldrinum 9 - 12



ára. Kennarar voru þau Randi Holaker og Haukur Bjarnason. Námskeiðið vakti mikla lukku eins og fyrra árið og verður án efa endurtekið að ári ef þau Randi og Haukur munu áfram bjóða upp á þennan frábæra námskeiðsmöguleika fyrir unga knapa. Þetta námskeið gefur þeim börnum sem ekki hafa kost á að hafa hest

á húsi á veturna tækifæri til að komast á vetrarnámskeið þar sem hross eru til staðar á staðnum. Einnig er gott fyrir börnin sem ríða út allan veturinn að prófa aðra hesta og þannig fara út fyrir þægindarammann.



Útreiðanámskeið

23. - 27. júní var haldið 5 daga reiðnámskeið í Búðardal þar sem aðal áherslan var á frjálsar útreiðar í fallegu náttúrunni sem búum svo vel að. Einnig var boðið upp á byrjendanámskeið í reiðhöllinni fyrir þá sem ekki voru tilbúnir til útreiða. Eins og á vetrarnámskeiðinu var markmiðum námskeiðsins skipt í markmið fyrir byrjendur og svo þá sem eru lengra komnir.



Byrjendur lærðu að umgangast hestinn og að öðlast jafnvægi og traust í gegnum sætisæfingar. Þeir lærðu grunnstjórnun, stöðvun, beygju og að fara af stað. Einnig lærðu þau um gangtegundirnar og heiti þeirra sem og ýmislegt um hestinn, hvað líkamshlutarnir heita og hvernig hesturinn upplifir okkur.



Hjá reyndari knöpum var lögð áhersla á að þau öðluðust meira sjálfstæði, m.a. með því að leggja sjálf á hestinn og gera sig tilbúin í reiðtúr. Þau lærðu að koma vel fram við hestinn sem og aðra knapa. Lærðu að það þarf að sýna öðrum tillit þegar kemur að hraða og stjórnun. Þau lærðu einnig um gangskiptingar og mismunandi ásetur en ekki síst að njóta samveru með hestum og öðrum börnum og hafa gaman í gegnum leik og lærdóm. Öll börnin sýndu ótrúlegar framfarir og var magnað að sjá samvinnuna og kjarkinn þróast í gegnum námskeiðið.

Þátttakendum var skipt niður í fjóra hópa, einn byrjendahóp sem í voru yngstu börnin og minna vön sem fengu kennslu í reiðhöllinni, og svo þrjá útreiðahópa sem hver var undir handleiðslu í tvo tíma á dag. Útreiðahóparnir byrjuðu daginn á að smala girðingu, kemba og leggja á, áður en var svo haldið af stað í góðan útreiðartúr frá hesthúsahverfinu í Búðardal. Þátttakendur komu með sinn eigin hest en einnig var boðið upp á að fá lánaðan hest. Það var Sjöfn Sæmundsdóttir, með aðstoð Laufeyjar Fríðu Þórarinsdóttur, sem sá um námskeiðið og er óhætt að segja að þær hafi náð að leggja virkilega vel inn í reynslubanka þátttakenda. Ánægja þátttakenda var geysilega góð og foreldrar voru margir hverjir forviðaðir á framförunum

sem krakkarnir voru að taka á námskeiðinu enda um mjög fjölbreytta útreiðatúra að ræða. Sem dæmi má nefna að stærstur hluti hópsins fór berbakt í síðasta reiðtúrinn, niður í fjöruna þar sem þau sundriðu eins og þau hefðu aldrei gert annað, enda búin að æfa sig eitthvað fyrir í vikunni.



Á lokadegi námskeiðsins var grillað í reiðhöllinni og flottu námskeiði slúttað með stæl. Í heildina voru það 32 börn sem voru skráð til leiks á þetta námskeið en það verður að teljast gríðarlega góð mæting í litlu sveitarfélagi sem Dalabyggð er en til viðmiðunar eru tæplega 90 börn í Auðarskóla í Búðardal sem er eini grunnskólinn í sveitarfélaginu.

Ævintýranámskeið

Í lok júlí var svo endurtekinn leikurinn frá því í fyrra en þá héldum við í fyrsta sinn svokallað ævintýranámskeið sem felst í því að fara með krakkahópinn í litla hestaferð. Námskeiðið var í



umsjón fulltrúa úr fræðslu- og æskulýðsnefndinni í sjálfböðastarfi og var því þátttökukostnaður í algjöru lágmarki og var foreldrum að sjálfsögðu boðið að slást í för.

Að þessu sinni var fyrsti leggur ferðarinnar hafinn í Ljárskógarétt en þaðan var riðin fjaran um botn Hvammsfjarðar og að

bænum Kýrunnarstöðum. Að loknum fyrsta degi fór hópurinn saman í sund í sundlaugina að Laugum í Sælingsdal og var ekki vanþörf á að skola aðeins af sér seltuna og sandinn úr fjörunni.



Á öðrum degi var svo riðin svokölluð Skoravíkurleið og að Skógum á Fellsströnd sem var lengsta dagleiðin í þessari ferð en sú þriðja og síðasta var svo frá Skógum og að Lyngbrekku. Að Lyngbrekku var svo haldin grillveisla með öllum hópnum en alls voru 37 börn og fullorðnir í hnakk þessa síðustu leið en 24 börn voru skráð á námskeiðið. Eins og í fyrra vakti þetta námskeið mikla ánægju bæði hjá börnum og foreldrum og verður örugglega að árvissum viðburði í dagatali Glæðs.



Reiðskólahestar

Við gátum í ár með dyggri velvild Sjafnar Sæmundsdóttur, boðið upp á að lána reiðskólahesta til þátttakenda á reiðnámskeiðum. Það voru nokkrir sem nýttu sér þetta og erum við sannfærð um að þessi möguleiki verður til þess að enn breiðari hópur krakka getur sótt námskeið en áður. Það er því vilji til þess innan nefndarinnar að bjóða upp á þennann kost aftur næsta vetur ef hægt er.



Styrkir

Nefndin fékk úthlutað tveimur styrkjum til starfsins, kr. 50.000 frá Kjörbúðinni og kr. 30.000 frá Sjóvá. Einnig fær félagið styrk frá Ungmennasambandi Dalamanna og Norður Breiðfirðinga (UDN) sem og lottótekjur.



Messureið

Nokkrir prúðbúnir og galvaskir krakkar tóku þátt í messureið sem var farin frá hesthúsahverfinu í Búðardal að Hjarðarholti í Laxárdal en þar var haldin hátíðarmessa þann 19. ágúst 2018. Í tilefni af 90 ára afmæli Glaðs. Að lokinni messu var drukkið kaffi í safnaðarheimilinu en bændur í Hjarðarholti sáu til þess að hross ferðalanganna fengju að bíta meðan á veisluhöldum stóð.



Æskan og hesturinn

Hópförð á “Æskan og hesturinn” hefur verið einn af árlegu og ómissandi viðburðum æskulýðsstarfs félagsins í þónokkur ár. Þátttaka er alltaf góð og ánægja þátttakenda alltaf mikil. Félagið kaupir rútu fyrir hópinn og þurfa þátttakendur ekki að greiða fyrir ferðina. Í síðustu ferð var að sjálfsögðu stoppað á KFC eins og myndin ber með sér.



Þátttaka í mótum

Hestamannafélagið stóð fyrir mótaroð í reiðhöllinni í Búðardal sem og nokkrum útimótum í vor og í sumar. Það er ánægjulegt að sjá hvernig aukinn kraftur í æskulýðsstarfinu hefur skilað okkur fleiri krökkum á keppnisbrautina en þátttaka í barnaflokki á mótum félagsins var með besta móti á árinu. Unglinga- og Ungmennaflokkarnir eru því miður ennþá fámennir en með áframhaldandi uppbyggingarstarfi sjáum við fram á fjölgun í þeim flokkum líka strax á næsta ári.

Annað árið í röð átti Glaður fulltrúa í Meistaradeild Æskunnar en það er Arndís Ólafsdóttir sem þar hefur verið sínu félagi til sóma.

Glaður átti einnig einn keppanda í barnaflokki á Íslandsmótinu í Hestaíþróttum en þar þreytti Þórunn Ólafsdóttir frumraun sína á Íslandsmóti.



Eftirfarandi knapar yngri en 18 ára tóku þátt í mótum fyrir hönd Glaðs á árinu:

Alexander Örn Skjaldarson f. 2006

- Tölt og frjálssar æfingar í Höllinni
 - Tölt T7 á Kveik frá Fremri-Gufudal
- Þrígangur í Nesoddahöllinni
 - Þrígangur í barnaflokki á Kveik frá Fremri-Gufudal
- Vetrarleikar Glaðs 2019
 - Fjórgangur V5 á Kveik frá Fremri-Gufudal
 - Tölt T7, barnaflokkur á Kveik frá Fremri-Gufudal

- Firmakeppni Hesteigendafélagsins í Búðardal 2019
 - Barnaflokkur á Kveik frá Fremri-Gufudal 2

Arndís Ólafsdóttir f. 2003

- Vetrarleikar Glaðs 2019
 - Fjórgangur V2, unglingaflokkur á Júpiter frá Magnússkógum
 - Fimmgangur F2, opinn flokkur á Dregli frá Magnússkógum
- Meistaradeild Líflands og Æskunnar
 - Fjórgangur á Álfadísi frá Magnússkógum
 - Tölt á Álfadísi frá Magnússkógum
 - Gæðingafimi á Álfadísi frá Magnússkógum
 - Fimmgangur á Klassík frá Halakoti
 - Flugskeið á Rán frá Lindarholti



- Líflandsmót Æskulýðsdeildar Fáks
 - Fjórgangur V2, unglingaflokkur á Álfadísi frá Magnússkógum
- Ópið WR Íþróttamót Sleipnis
 - Tölt T3 í unglingaflokki
 - Fjórgangur V2 í unglingaflokki.
- Hestaþing Glaðs 2019

- B-flokkur á Dregli frá Magnússkógum
 - Unglingaflokkur á Júpiter frá Magnússkógum
- Gæðingamót Geysis
 - Unglingaflokkur á Dregli frá Magnússkógum
- Opið Gæðingamót Sleipnis
 - Unglingaflokkur á Dregli frá Magnússkógum

Benedikt Ingi Viðarsson f. 2012

- Tölt og frjálsar æfingar í Höllinni
 - Pollaflokkur á Myllu frá Spágilsstöðum
- Þrígangur í Nesoddahöllinni
 - Pollaflokkur á Myllu frá Spágilsstöðum
- Vetrarleikar Glaðs 2019
 - Pollaflokkur á Myllu frá Spágilsstöðum

Dalmar Logi Pálmason f. 2015

- Þrígangur í Nesoddahöllinni
 - Pollaflokkur á Seðli frá Spágilsstöðum



Daníel Freyr Skjaldarson f. 2006

- Tölt og frjálsar æfingar í Höllinni
 - Tölt T7, barnaflokkur á Fjöl frá Búðardal
- Þrígangur í Nesoddahöllinni
 - Þrígangur í barnaflokki á Fjöl frá Búðardal

- Vetrarleikar Glaðs 2019
 - Fjörgangur V5, barnaflokkur á Fjöl frá Búðardal
 - Tölt T7, barnaflokkur á Fjöl frá Búðardal
- Firmakeppni Hesteigendafélagsins í Búðardal 2019
 - Barnaflokkur á Fjöl frá Búðardal



Eysteinn Fannar Eyþórsson f. 2006

- Þrígangur í Nesoddahöllinni
 - Þrígangur í barnaflokki á Sóma frá Spágilsstöðum



- Vetrarleikar Glaðs 2019
 - Fjórgangur V5, barnaflokkur á Sóma frá Spágilsstöðum
 - Fjórgangur V5, barnaflokkur á Rafti frá Spágilsstöðum
 - Tölt T7, barnaflokkur á Sóma frá Spágilsstöðum
- Firmakeppni Hesteigendafélagsins í Búðardal 2019
 - Barnaflokkur á Sóma frá Spágilsstöðum
- Hestaþing Glaðs 2019
 - Tölt T3 opinn flokkur á Sóma frá Spágilsstöðum
 - Barnaflokkur á Sóma frá Spágilsstöðum

Friðrika Skjaldardóttir f. 2013

- Tölt og frjálsar æfingar í Höllinni
 - Pollaflokkur á Fjöl frá Búðardal
- Þrígangur í Nesoddahöllinni
 - Pollaflokkur á Prym frá Melabergi



Gróa Margrét Viðarsdóttir f. 2008

- Þrígangur í Nesoddahöllinni
 - Þrígangur í barnaflokki á Aski frá Spágilsstöðum
- Vetrarleikar Glaðs 2019
 - Fjórgangur V5, barnaflokkur á Aski frá Spágilsstöðum
 - Tölt T7, barnaflokkur á Aski frá Spágilsstöðum



Katrín Einarsdóttir f. 2006

- Þrígangur í Nesoddahöllinni
 - Þrígangur í barnaflokki á Seðli frá Spágilsstöðum
- Vetrarleikar Glaðs 2019
 - Fjórgangur V5, barnaflokkur á Sjóð frá Spágilsstöðum
 - Tölt T7, barnaflokkur á Seðli frá Spágilsstöðum



- Firmakeppni Hesteigendafélagsins í Búðardal 2019
 - Barnaflokkur á Seðli frá Spágilsstöðum
- Hestaþing Glaðs 2019
 - Tölt T3 opinn flokkur á Seðli frá Spágilsstöðum
 - Barnaflokkur á Seðli frá Spágilsstöðum

Þórarinn Páll Þórarinsson f. 2009

- Tölt og frjálsar æfingar í Nesoddahöllinni
 - Tölt T7 á Fróða frá Hvítadal 2
- Vetrarleikar Glaðs 2019
 - Tölt T7, barnaflokkur á Fróða frá Hvítadal 2

Þórunn Ólafsdóttir f. 2007

- Vetrarleikar Glaðs 2019
 - Fjörgangur V5, barnaflokkur á Álfadísi frá Magnússkógum
 - Tölt T7, barnaflokkur á Álfadísi frá Magnússkógum
- Íþróttamót Harðar
 - Fjörgangur V2 í barnaflokki á Styrk frá Kjarri



- Opið WR Íþróttamót Sleipnis
 - Fjörgangur V2 í barnaflokki á Styrk frá Kjarri
 - Tölt T7 í barnaflokki á Styrk frá Kjarri
- Gæðingamót Geysis
 - Barnaflokkur á Styrk frá Kjarri
- Hestaþing Glaðs 2019
 - Barnaflokkur á Styrk frá Kjarri
 - Tölt T3 opinn flokkur á Styrk frá Kjarri
- Íslandsmót í Hestaíþróttum
 - Fjörgangur V2 í barnaflokki á Styrk frá Kjarri
- Meistaramót Íslands
 - Barnaflokkur á Styrk frá Kjarri

Ægir Þórðarson f. 2014

- Tölt og frjálsar æfingar í Höllinni
 - Pollaflokkur á Fjöl frá Búðardal

Viðurkenningar

Stigakeppni knapa

Á haustmánuðum 2018 voru veitt verðlaun fyrir stigahæstu knapa ársins í vetrarmótaröð félagsins og hlutu eftirfarandi knapar hestaábreiðu með áletrun:

- Barnaflokkur: Eysteinn Fannar Eyþórsson og Katrín Einarasdóttir með 19 stig
- Unglinga- og ungmennaflokkur: Laufey Fríða Þórarinsdóttir með 18 stig

Verðlaun fyrir 2019 verða veitt á næstu misserum.



Hvatningarverðlaun 2019

Glaður í samstarfi við Ungmennasambandið á svæðinu (UDN) veitti 11 ungum knöpum hvatningarverðlaun á uppskeruhátíð UDN. Verðlaunin voru veitt fyrir góða þátttöku í námskeiðum og keppnum hönd eða á vegum félagsins. Eftirfarandi knapar hlutu fallega hestastyttu í viðurkenningu:

- Arndís Ólafsdóttir
- Alexander Örn Skjaldarson
- Daníel Freyr Skjaldarson
- Eysteinn Fannar Eypórsson
- Gróa Margrét Viðarsdóttir
- Katrín Einarsdóttir
- Þórarinn Páll Þórarinsson
- Þórunn Ólafsdóttir
- Benedikt Ingi Viðarsson
- Björgvin Ármannsson
- Orri Ármannsson



Styrkur til landsmótsknapa

Það má nefna að Glaður hefur styrkt þau börn sem keppa á landsmótum um peningaupphæð til að standa straum af ferðakostnaði og/eða þjálfunarkostnaði.

Árið 2018 var það 15.000 kr. fyrir hvern knapa og stefnt er að halda því áfram og styrkja landsmótsknapana okkar á komandi árum.

Að lokum

Það er mjög gaman og gefandi að vinna að æskulýðs- og fræðslustarfi í hestamennskunni. Það hefur reynst vítamínsprauta inn í starfið að hafa reiðhöll þar sem ungir og óreyndir geta tekið sín fyrstu skref í hestamennskunni og öðlast þar öryggi og þor áður en þeir leggja í að ríða út einir úti. Einnig er inniaðstaðan forsenda þess að geta þjálfað þá sem vilja taka knapamerkin, fara á keppnisbrautina og komast lengra í íþróttinni. Þá er einnig mikilvægt að vera með framboð námskeiða á sumrin fyrir þá sem eiga ekki kost á að vera með hross á járnum á veturna og komast því ekki á vetrarnámskeiðin, og enn fremur fyrir þá sem hafa ekki áhuga á námskeiðum inni og vilja bara ríða út og njóta hestsins og íslenskrar náttúru.

Það eru forréttindi að búa í sveit og að börnin í félaginu okkar hafi kost á því að upplifa íslenska náttúru og íslenska hestinn í sínu umhverfi. Það eru forréttindi að fá að ríða um og sjá rjúpnaunga hlaupa um, selina sólbaða sig og örninn fljúga um með sitt tignarlega vænghaf. Það er dásamlegt hvað börnin í Glað eru heppin að eiga foreldra sem geta veitt þeim þessa upplifun, að fá að kynnst hestinum og um leið sveitinni okkar, ferðast saman og hjálpa hvert öðru.



F.h. Fræðslu- og æskulýðsnefndar Glaðs

Svala Svavarsdóttir, Björk Guðbjörnsdóttir & Sigrún Hanna Sigurðardóttir